

Guðmundur Einarsson (1568-1647) á mikinn þátt í að galdrafárið evrópska barst til Íslands. Hann lærði í Hólaskóla og í Kaupmannahöfn, gerðist síðan rektor á Hólum og þýddi þar guðsorðabækur fyrir frænda sinn Guðbrand biskup.

Guðmundur var prestur á Snæfellsnesi þegar Jón lærði dvaldi þar og gegn lækningum Jóns ritaði hann Hugarás sem fullu nafni heitir „*In versutias serpentis recti et tortuosi, það er lítil hugarás yfir svik og vélræði djöfulsins, sem stundum gengur réttur, stundum hlykkjóttur, að spilla mannkynsins sálhjálp.*“

Fyrri hluti Hugarásar er almennt um galdra samkvæmt kennisetningum kirkjunnar en þeim síðari er beint gegn Jóni. Guðmundur segir frá því að í Kaupmannahöfn 1589 hafi hann séð 13 nornir brenndar í einu og saknar þess greinilega að slíkt gerist ekki á Íslandi.